

Fundur 26.4.2021 Katrín Thoroddsen

Komið þið sælir.

Já komdu sæl og velkomin.

Gleður það mig að komast í sambandið.

Margvísleg hefur verið upplifun mín og mikilvægt að koma því til skila að sameiningarmáttur og kærleiksmáttur er það sem hjálpar okkur upp á við og finnst mér sem margt ég hafi lært á framlífs jörð og hugtök þau sem ég hef lært af vinum mínum og íbúum þessa landshluta fjölmörg.

Var mikið um eldgos og náttúruhamfarir þar sem ég kom fyrst fram og margvíslegar ránjurtir.

Var mér hjálpað til lífs og voru þeir kallaðir englar sem komu frá góðum stöðum þessa hnattar og voru sendir út sérstaklega til að leita að öllum þeim er nýkomnir voru til hnattarins með mat og drykk og líkna á allan hátt.

Var það samkvæmt hjátrúar hugmyndum. Ekki skilið hvaðan þeir komu og samfélag það sem þróast hafði á því landssvæði, fjandsamlegt og fengum við ekki útskýringar á veru okkar þar né öðru en þurftum að læra hina villimannlegu siði til að lifa af og berjast gegn óbliðri náttúrunni og gegn dýrum og fjandsamlegum mannverum.

Hópur okkar samanstóð af kvenfólki sem barðist um lífsbjörgina við hóp karla og voru þar einnig aðrir ættbálkar.

Lærði ég það fljótt að til þess að lifa af, þyrfti að gangast upp í hatursfullum hugmyndum um hitt kynið og aðra hópa og af þeirri hugmyndafræði og samheldni gátu þeir og þær sem særðust í átökum jafnað sig fyrr af sárum sínum og þeir og þær sem mest fylgi höfðu fjöldans gátu staðið í fylkingarbrjósti og tekið á sig verstu högginn.

Var það merkilegt að fylgjast með því að margir af þeim sem ekki voru samtaka hópnum veikluðust og féllu fyrr en hinir sem samtaka voru þeim stillimætti.

Veit ég um margar konur í þeim hópi sem ekki voru upprunnar á jörðinni en komu frá öðrum frumlífs jörðum sem ekki hafa fundið leiðina til ljóssins og dögunarlandanna, sem ég hef mikinn áhuga á að ná til og hjálpa til betra lífs og mun það verða verkefni mitt þegar um hægist og ég fæ tækifæri til þess.

Oft hef ég hugsað til þess, hvað varð mér til bjargar og hvað varð það sem skildi mig frá þeim og held ég að það hafi verið sú rödd sem sagði mér að efast og rifja upp reynslu mína frá jörðinni.

Og andvígar hugmynda stefnur en þær sem ég hafði fylgt og sá sem náði sambandi við mig andlegu, sagði mér til.

Og rifjaði ég upp meðal annars það sem ég hafði lesið um í tímaritum um Helga Pjeturss og fannst mér það koma heim og saman við upplifun mína en ekki voru margar kvennana sem höfðu áhuga á slíkum minningum.

En það var talið mögulegt að þess konar lögmál hefðu komið okkur á þennan stað.

Fór ég loks að óhlýðnast reglum hópsins og þyggja heimboð í kofa nokkurn þar sem hjálparfólk dvaldi og hlusta á þeirra sögur og frásagnir.

Og eftir það þurfti ég vernd í þessu samfélagi til að þola mótlæti og þurfti að flýja úr því samfélagi með hjálparfólki þessu.

Og lenti þá á landsvæði þar sem ævinlega var sólsetur og skíma og var það mjög til bóta.

Þar var samfélag með öðrum hætti og tortryggið fólk sem náð hafði hærri aldri en átti takmörkuð samskipti og þáði vörn frá vopnuðum fylkingum og var þar meiri þekking á ætilegum jurtum og ekki þörf að reiða sig á veiðibrað.

Var þar nokkur vísir að hugmynda samfélagi um lífið og tilveruna. Og sumir farnir að velta því fyrir sér hvort unnt væri að komast úr þessum stað.

Og margir farnir að gera sér grein fyrir því að betra væri að þyggja leiðsögn þeirra sem áður voru nefndir englar en voru nú nefndir dögunar landa þjóðirnar og hjálparsveitir þeirra.

Mesta breytingin varð sú, þegar ég kynntist ástinni og eignaðist eiginmann og börn og eru nú liðin 20 ár síðan það gerðist, en var ég 30 ár á hinum stöðunum þar sem erfiðara var að draga fram lífið.

Og veit ég núna að Íslendingum er ætlað að uppfylla jörðina.

Og ekki er það rétt sem ég trúði að lífið yrði betra með því að leggja áherslu á einstaklinginn og kvenneðlið en ekki heildar hagsmuni þjóðfélagsins.

Og bar ég þunga ábyrgð vegna þess að ég var ein af þeim fyrstu sem ruddi braut fyrir nýja kynslóð kvenna sem stundað hafa fóstureyðingar og sundrað hjónaböndum og sáð fræjum tortryggni milli kynjanna.

Og er ábyrgð okkar mest sem fyrst ruddum þá braut og eru þó fjölmargar og furðulegar frásagnir sem ég hef heyrt í fjallamusturum þessum um lífið á öðrum stjörnum og eru það heiðnar menjar fornnar menningar á þessum hnetti.

Hefur líf mitt gjörbreyst eftir að ég byrjaði fjölskyldu líf og snéri baki við mínum fyrri hugsjónum og fór að fá áhuga á því að leiðbeina þeim og hjálpa sem ég hafði umgengist áður á þessum hnetti og ná til þeirra.

En ekki er það auðvelt þar sem römm er taug sannfæringarinnar og afbrot þau sem fólk hér hefur framið eru fjölmörg og misjöfn og þarf að gefa sér tíma til að setja sig inn í þau og skilja hvað hefur valdið þeim.

Og við suma af þeim sem búa í hinum frumstæðustu byggðum er ekki hægt að ræða af skynsemi og verður þess langt að bíða að þeim verði hjálpað til framfara lífs.

En öðru máli gegnir um það fólk sem komið er á þennan stað. Það hefur áhuga á fjölmörgum hlutum og það hefur vitsmuna þroska.

Og vona ég að mér takist á skömmum tíma að komast til sólarlandanna þar sem hamingjan er meiri og auðveld lífsbaráttan.

Og hefur það gerst hraðar eftir því sem skilningur minn hefur vaxið og kærleikur minn til annarra og löngum mín til að þroskast og bæta fyrir það sem rangt er og hef ég frá mörgu að segja.

Eiginmaður minn er fyrrverandi hermaður af jörðinni og hafði hann mörg mannlíf á samviskunni og ástin getur dafnað í helvíti eins og annars staðar.

Og hefur hann einnig sýnt því áhuga að bæta sig og iðrast fyrri misgjörða sinna.

Já eru hér fjölmörg samfélögin og þyrfti ég að koma síðar til að fjalla um þau betur, þar sem orkan nægir ekki að sinni.

Gleður það mig að ég hef getað úrskýrt þetta örlítið betur. Þykist ég vita að þið þekkið til mín núna.

Er þetta ekki Katrín?

Já, Katrín.

Já, velkomin aftur.

Þakka þér fyrir.

Já vertu alltaf velkomin.

Þakka þér fyrir. Ég vil óska ykkur alls hins besta.

Já. já.

Katrín það er ein spurning sem hefur verið að veltast í mér síðan þú komst fyrir viku, má ég spurja um hana?

Já. Vona að ég hafi orku til að svara henni.

Hvað segir þú mér um samkynhneigð í framlífi? er það jafn eðlilegt og er á jörðinni?

Nei það er eitt af því sem veldur vandræðum hér, en að vísu er fólk ekki á eitt sátt um það og miklar deilur í sumum hópum.

Það er ekki talið æskilegt og tengist misskilningi á eðli lífsins og hinir kristnu kalla það andsetningu.

Ég veit ekki hvort ég geti útskýrt það betur.

En það er minnihluta hópur hér sem tengist verri hlutum samfélagsins og afbrotum en nokkrir þeirra að vísu vel móttækilegir til að snúa til baka og iðrast fyrri misgjörða.

En flestir af þeirra hópi tilheyra lægri stéttum samfélagsins og er það sem kalla má deiluefni samfélagsins hvernig líta eigi á það.

Já.

En ekki talið til bóta að minnsta hvorsti.

En er fólk að skapa sér erfða framtíð sem iðkar slíkt á jörðinni? Til að byrja með.

Ja það er nú, ég þyrfti nú að svara því síðar, það er sérstakt rannsóknarefni, já það er alla vega talsverður hópur þeirra hér.

Þori ekki alveg að svara því til fullnustu, en það væri kannski hægt að koma með það svar síðar.

Já. Takk fyrir það, en það var gaman að fá þig aftur í sambandið.

Já og mér líður betur að koma þessu til skila og mér finnst eins og víðsýnin aukist á jörðinni eftir því sem okkur tekst að koma okkar reynslu á framfæri og væri stórkostlegt ef tækist síðar annað hvort ég eða fleiri á þessum hnetti.

Er þetta strangtrúaður hnöttur kristinn sem þú lentir á?

Jaá, það er að vísu, það hefur hjálpað mér, en það er svo sem hver höndin upp á móti annarri, það er ýmislegt í gangi, en mér hefur fundist það til bóta að fá þessar reglur til að fylgja og iðrast gjörða minna.

*já.*

En hér eru að vísu margir trúarhópar og lifum í fullum friði við þá sem hér á þessu landssvæði hafa mikla stjórn á samfélagsgerð og eru af eldri og heiðnari átrúnaði og starfrækja þessi sambands hof, sambandsstöðvar.

*Já. já.*

Og eigum við þeim mikla þakkarskuld að gjalda og er ég ekki alveg andsnúin því að efast í trúarefnum en ég reyni að koma síðar og þakka ykkur fyrir eða þá aðrir af okkar hnetti.

Ég bið að heilsa gömlu jörðinni og þakka fyrir verið þið sæl.

*Vertu blessuð Katrín og gangi þér vel.*